

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks, nr. 113 3.
apríl 1973 með síðari breytingum.

II. KAFLI

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald allt að kr. 1 250 á mánuði fyrir hvern mín. ltr. í hámarksstillingu hemils.

III. KAFLI

6. gr. orðist þannig:

Heimæðagjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera sem hér segir:

400— 2 000 m ³ ==	49 164 f.	400 m ³	38.77 kr./m ³	þar yfir
2 000— 6 000 m ³ ==	111 215 f.	2 000 m ³	33.77 kr./m ³	þar yfir
6 000—10 000 m ³ ==	246 327 f.	6 000 m ³	30.00 kr./m ³	þar yfir
meira en 10 000 m ³ ==	366 425 f.	10 000 m ³	25.00 kr./m ³	þar yfir

7. gr. orðist þannig:

Gjöld samkv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. nóv. 1976, 119 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1977, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 438 30. desember 1976 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 5. janúar 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 368 5.
ágúst 1975, með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- Fastagjöld kr. 750 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- Vatnsgjald kr. 1 200 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar

1977, samanb. auglýsingu ráðuneytisins nr. 438 30. desember 1976, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 5. janúar 1977.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli kr. 56.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil kr. 15 444.00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils. Minnsta magn vatns sé 1 l/mín fyrir hverja 100 m³ húsnæðis.

Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

1. Fyrir mæla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 597.00 á mán.
2. Fyrir mæla frá 1—2" — 1 094.00 á mán.
3. Fyrir hemla — 597.00 á mán.

III. Heimæðagjald.

Heimæðagjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m³ kr. 119 300.00.

400 til 2 000 m³ kr. 119 300.00 af 400 m³ + kr. 99.50 á m³ þar yfir að 2 000 m³.

2 000 m³ kr. 278 500.00 + kr. 82.00 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 17 400.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tengingu heimæðar er lokið.

IV. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 200.00.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt hefur verið af hreppsnefnd Selfoss er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar